

## 1. fundur

### Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. 9. júní 2015

Fundur þann 9. júní 2015 kl 16.00, haldinn með aðstoð síma. Mætt voru fulltrúar í úthlutunarnefnd Viðar Guðmundsson, María Hildur Maack, Peter Weiss, Ásgerður Þorleifsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Dagný Sveinbjörnsdóttir, Eva Dögg Jóhannesdóttir og Sigurður Viggósson. Forföll boðaði Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir. Einnig sátu fundinn starfsmennirnir Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga sem stýrði fundi og ritaði fundargerð, Neil Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða.

Aðalsteinn setti fundinn og gengið var til dagskrár.

#### 1. Skipan úthlutunarnefndar.

Aðalsteinn kynnti samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 11. maí sl. um skipan nefndarinnar. Arna Lára Jónsdóttir Ísafirði, Ásgerður Þorleifsdóttir Ísafirði, Emelía Dagný Sveinbjörnsdóttir Ísafirði, Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafirði, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík, María Hildur Maack Reykhólum, Peter Weiss Ísafirði, Sigurður Viggósson Patreksfirði og Viðar Guðmundsson Miðhúsum Kollafirði.

Spurt var um skipunartíma nefndarinnar og því svarað að nefndin tæki nú við verkefni, Menningaráðs Vestfjarða sem skipað er til samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og verkefni stjórnar Vaxtarsamnings Vestfjarða sem skipuð hefði verið af stjórn FV. Tillaga yrði lögð fyrir næsta Fjórðungsþing Vestfirðinga um kosningu úthlutunarnefndar sem yrði þar með ein af fastanefndum sambandsins.

#### 2. Starfshættir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Aðalsteinn kynnti minnisblað um starfshætti úthlutunarnefndar og er þess óskað að nefndarmenn samþykki starfshætti og undirriti trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir taka til starfa í nefndinni.

#### 3. Umsóknir til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Jón Jónsson, kynnti tilurð sjóðsins, Sóknaráætlun Vestfjarða og tengsl hennar við Úthlutunarsjóð, reglur um úthlutun og þann ramma sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur sett um skiptingu á fjármagni. Jón kynnti síðan að alls hefðu borist 120 umsóknir samtals að fjárhæð um 240 milljónir, en alls eru 60 milljónir til ráðstöfunar úr sjóðnum að þessu sinni. Umsóknir og fylgigögn hafa verið kynnt nefndarmönnum ásamt tillögu að matsblaði sem byggir á úthlutunarreglum.

Rætt um aðferðir við mat á umsóknum og annarri tilhögun vinnu. Samþykkt að starfsmenn tækju saman vinnuskjal með stuttri umsögn um verkefni sem sótt væri um stuðning við, en þeir gerðu ekki tillögu að afgreiðslu máls.

#### 4. Önnur mál.

Rætt um fyrirkomulag funda og dagsetningar, en stefnt er að úthlutun fyrir lok mánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.